

Porrablót í Þjórsárveri!

Porrablótið í Þjórsárveri verður haldið laugardagskvöldið 9. febrúar og hefst samkoman kl. 21:00 en húsið opnar hálf tíma fyrr. Dagskráin hefst með borðhaldi, síðan taka við heimatilbúin skemmtiatriði og að lokum mun Kiddi Bjarna frá Selfossi halda upp fjörinu á dansgólfinu fram á rauða nótt. Miðapantanir hjá Hjördísi og Geir í síma 486-3354, eða hjá Óla og Kristínu í síma 486-3317 í síðasta lagi þriðjudagskvöldið 5. febrúar.

Mætum nú öll á blótið og tökum með okkur gesti!

Porrablótsnefndin

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing í Félagslundi	8. janúar
Íþróttæfing í Þjórsárveri	9. janúar
Dans í Félagslundi	10. janúar
Dans í Félagslundi	12. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	15. janúar
Íþróttæfing í Þjórsárveri	16. janúar
Dans í Félagslundi	17. janúar
Saumakvöld í Þjórsárveri	17. janúar
Dans í Félagslundi	19. janúar
Glímuþót á Reyðarfirði	19.-20. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	22. janúar
Íþróttæfing í Þjórsárveri	23. janúar
Porrablót í Þingborg	26. janúar
Glímuæfing í Félagslundi	29. janúar
Íþróttæfing í Þjórsárveri	30. janúar
Porrablót í Félagslundi	2. febrúar
Porrablót í Þjórsárveri	9. febrúar



Áveitan



1. tbl. jan. 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Porrablót í Félagslundi

Laugardaginn 2. febrúar 2008 verður Þorrablót Gaulverja haldið í Félagslundi. Húsið opnar kl. 20:00 og hefst borðhald hálf tíma síðar. Ole Olesen reiðir fram veisluföngin og Karma spilar að sjálfsögðu fyrir dansi. Miðapantanir eru til mánudagsins 28. janúar hjá Braga og Hildi í Efri Gegnishólum í síma 486-3371 og Bárði og Rúnu í Hólshúsum í síma 482-1760. Rétt er að minna á að ekki er posi fyrir greiðslukort í Félagslundi. Sjáumst hress og kát í Félagslundi 2. febrúar.

Nefndin

Frá Flóaskóla

Nemendur og starfsfólk Flóaskóla óska öðrum íbúum Flóahrepps, sem og öllum velunnurum skólans, gæfuríks nýs árs með þökkum fyrir það liðna.

Skólastarfið er komið aftur af stað eftir gott jólaaleyfi. Kennara mættu til starfa 2. janúar og nemendur 3. janúar. Framundan eru námsmatsdagar og annaskipti en við þau tímamót fara nemendur, kennarar og forráðamenn nemenda yfir stöðu mála og leggja áherslur námsins næstu mánuði.

Elsti árgangur barnanna í Krakkaborg mun til vors heimsækja okkur tvisvar í mánuði og halda þannig áfram aðlögun sinni að skólastarfinu. Þau verða síðan hjá okkur í maí í heila viku.

Þorablót verður haldið í skólanum í hádeginu á bóndadag eins og undanfarin ár. Það er foreldrafélagið sem aðstoðar matráðskonurnar með það, en auk þess mun félagið standa fyrir grímuballi fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra að kvöldi sprengidags.

Næsti fundur foreldraráðs er 17. janúar og sama kvöld er næsti fundur fræðslunefndar. Fundir fræðslunefndar hafa verið fluttir til 3. fimmtudags í hverjum mánuði.

Á næstu vikum hefst undirbúningur næsta skólaárs, en hann er tímafrekur og oft flókin og nauðsynlegt að hafa tímann með sér í þeirri vinnu. Við horfum til aukins stöðugleika í starfsmannahaldi og búumst við að halda áfram að sjá skólann okkar vaxa og þróa.

Árið 2007 var farsælt í skólanum og óskum við þess að árið 2008 verði okkur öllum heillavænlegt. Í Flóaskóla er mikill og góður mannauður og gaman fyrir stofnunina að taka þátt í uppbyggingu og þróun mannlífs í sveitarfélaginu.

Með bestu nýárskveðjum úr skólanum,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri

„Þessi merka hreyfing kom eins og vordögg á skrælnaða jörð. Unga fólkið þráði framfarir og félagslíf, enda bárust sögur af stofnun ungmennafélaga víðsvegar um landið og alls staðar var sama sagan, vakandi áhugi fyrir fræðslu og framförum og framkvæmdum á öllum sviðum, sem til blessunar horfði.“

Á fyrsta starfsári Samhygðar hóf félagið að gefa út handskrifað félagsblað sem hlaut nafnið Viljinn. Í Viljann var ritað margvíslegt efni, til dæmis greinar um ungmennafélagsmál, ýmiskonar frásagnir auk þess sem þar vori birt kvæði eftir Samhygðarfélaga. Fyrsta kvæðið sem birtist í Viljanum var eftir Þórunni Einarsdóttir sem bjó í Brandshúsum og er á þessa leið:

***Vinum allt sem orkað fáum
með anda, höndum, lífi og sál.***

***Fyrir frelsi fósturjardar,
föllum starfa það er mál.***

***Ungir menn sem eitthvað hugsíð, ættuð nú að reyna til.
Mynda félög fram til starfa, flest mun ganga þá í vil.***

***En þótt eitthvað ekki gangi, að óskunum í fyrsta sinn,
ekki dugar að hopa á hæli, heldur reyna í annað sinn.***

Reisið Íslands fagra fána, fylkið ykkur kring um hann.

Þá mun bætast þjóðarmeinin, þá mun starfa hver sem kann.

Viljinn var fyrst gefinn út í 9 ár en útgáfa hans lá síðan niðri í 24 ár þar eftir. Hann var endurvakinn 1939 og lifði góðu lífi allt fram á 10. áratug 20. aldar. Segja má að Fréttabréf Samhygðar og nú Áveitan hafi tekið við hlutverki Viljans nú þegar 100 ár eru að verða liðin frá fyrstu útgáfu hans.

Stefán Geirsson

Form. Ritnefndar: Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki
 Endurskoðandi: Kristján Gestsson Forsæti IV
 Varaendurskoðandi: Bjarki Reynisson Mjósyndi
 Varamaður á Héraðsþing: Guðmunda Ólafsdóttir Hurðarbaki
 Stjórn Leikdeildar: Þorsteinn Logi Einarsson Egilsstaðakoti
 Guðmunda Ólafsdóttir Hurðarbaki

7. Önnur mál. Gjaldkeri greindi frá því að 9 nýir félagar hefðu sótt um inngöngu í félagið og voru þeir boðnir velkomnir með lófataki. Um-ræður urðu um að sveitarstjórn ætti að leggja áherslu á íþrótt- og æskulýðsmál og styrkja ungmennafélögin í Flóahreppi í þeirra góða starfi. Rætt var um framtíð félagsins frá ýmsum sjónarhornum. T.d. sam-starf við önnur félög, byggingu íþróttahúss og margt fleira. Rætt var um Áveituna og að fólk ætti að vera duglegra við að senda efni í blaðið, t.d. gamlar sögur og frásagnir. Fara á í áttak á nýju ári í að selja Vöku-peysur en ennþá er til mikið af þeim góðu flíkum. Árgjald var samþykkt kr. 700 fyrir árið 2008. Margt fleira var rætt á formlegum og óformlegum nótum og var fundi slitið um kl. 23:30.

100 ára afmæli Ungmennafélagsins Samhygðar

Þann 7. júní á þessu ári verða liðin 100 ár frá því að Ungmennafélagið Samhygð var stofnað. Þessara tímamóta verður minnst með ýmsum hætti á árinu og meðal annars hér á síðum Áveitunnar í stuttum pistlum sem rifja upp brot úr 100 ára sögu félagsins.

Það voru 13 konur og 10 karlar sem komu sér saman um að stofna ungmennafélag á fundi í Gaulverjabæjarkirkju þann 7. júní 1908. Þetta félag hét í fyrstu Ungmennafélag Gaulverjabæjarhrepps en hlaut síðar sama ár nafnið Samhygð sem það ber enn. Fyrsti formaður Samhygðar var Ingimundur Jónsson frá Holti í Stokkseyrarhreppi. Ingimundur segir svo frá uppgangi ungmennafélagshreyfingarinnar í ávarpi sem birt er í „Brot úr 50 ára sögu Umf. Samhygðar“ sem Gunnar Sigurðsson frá Seljatungu tók saman:

Frá ritstjórum

Ritstjórar Áveitunnar óska öllum lesendum sínum gleðilegs nýs árs með bestu þökkum fyrir það gamla. Í upphafi nýs árs þykir ritstjórn rétt að áréttu nokkur atriði er varða móttöku efnis til birtingar í Áveitunni.

Leitast er við að Áveitan komi til lesenda fyrsta virka dag hvers mánaðar. Frá þessu geta verið frávík en þetta er meginreglan. Til þess að það gangi eftir þarf efni sem birtast á í Áveitunni að berast með a.m.k. með fimm daga fyrirvara. Efni sem til dæmis á að birtast á í tölublaði febrúarmánaðar þyrfti því að berast ritstjórn eigi síðar en sunnudaginn 27. janúar.

Varðandi innsendingu efnis þá óskar ritstjórn eftir að fá sem flestar auglýsingar og annað efni sent til sín í tölvupósti annað hvort sem viðhengi eða sem texta innan skeytisins. Ritstjórar hafa gefið upp tvö netföng til að senda efni inn á og er best að senda á þau bæði og óska staðfestingar á því hvort tölvupósturinn hafi borist. Þannig er best tryggt að efnið fái birtingu en eins og margir þekkja þá eru rafræn samskipti ekki með öllu óbrigðul. Þeim sem ekki geta sent efni með tölvupósti er líka velkomið að koma efni til skila með öðrum leiðum, t.d. gegnum síma eða senda handrit.

Þorri þess efnis sem kemur til birtingar í Áveitunni eru stuttar auglýsingar eða tilkynningar. Lengri greinar eru fáar ef undan talið efni frá stofnunum sveitarfélagsins og Pistillinn. Ritstjórn þykir ástæða til að benda þeim á sem fagna því láni að rita Pistil mánaðarins að reyna að takmarka mál sitt við ca. 800 orð, en sá orðafjöldi er mátulegur á tvær A5 síður í 12 punkta lettri. Eins er ekki úr vegi að minna Pistlaskrifendur á að allur Flóahreppur er undir þegar kemur að því að skora á höfund næsta mánaðar.

Ritstjórar

Kæru sveitungar!

Ég þakka ykkur kærlega fyrir afmælisgjöfina og óska ykkur öllum gæfu á nýju ári.

Sigrún í Súluholti

FÁNASAMKEPPNI!!!!

Í tilefni af 90 ára afmæli Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps sem var stofnað 26.maí 1918 hefur verið ákveðið að efna til samkeppni um borðfána fyrir félagið, stærð 15x24cm.

Nafn kvenfélags, stofndagur og ár þarf að koma fram á fánanum.

Þátttakendur skili tillögum sínum til Kristínar Ólafsdóttur, Gaulverjabæ, Flóahrepp, 801 Selfoss, undir dulnefni ásamt réttu nafni í lokuðu umslagi.

Fánanefnd Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tillögu sem er eða hafna þeim öllum.

Verðlaun vera veitt fyrir bestu tillöguna.

Skilafrestur er til 15. febrúar 2008.

Fánanefnd Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps

Til félaga í Kvenfélagi Villingaholtshrepps!

Eftir að við skoðuðum Halldórusafnið á Blönduósi á ferðalaginu okkar í haust, kom upp sú umræða að gaman væri nú að sauma einhvern fallegan útsaum.

Hefur þú áhuga fyrir að sauma Harðangurs og klaustur-saum í vetur? Ef svo er þá ætlum við að stofna klúbb fyrir þær sem hafa áhuga á að koma saman og sauma eitt til tvö kvöld í mánuði í vetur. Við ætlum að hittast í Þjórsárverri fimmtudagskvöldið 17. janúar klukkan 20.30. Nánari upplýsingar fást hjá Kristínu á Hurðarbaki.

Fréttir af Aðalfundi Umf. Vöku

Aðalfundur Umf. Vöku var haldinn 2. janúar kl 20:30 í Þjórsárveri. Um 20 félagar voru mættir. Fundarstjóri var Fanney Ólafsdóttir og fundarritari Helga Björg Helgadóttir.

1. Fundargerð síðasta Aðalfundar var lesin upp og samþykkt.
2. Ársskýrslan. Formaður Haraldur Einarsson og formenn allra nefnda lásu upp skýrslur sínar og gjaldkeri Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir greindi frá reikningum. Hagnaður félagsins á árinu var kr. 104.486. Ársskýrslan var samþykkt í heild.
3. Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku. Lesin var skýrsla Leikdeildarinnar en deildin stóð í stórræðum á árinu þegar leikritið Draumur á Jónsmessunótt var sett upp í samvinnu við Samhygð og Baldur. Gjaldkeri deildarinnar las upp reikninga en af hagnaði sýningarinnar komu kr. 49.356 í hlut deildarinnar. Gerðar voru breytingar á lögum deildarinnar þegar ákveðið var að framvegis verði aðalfundurinn haldinn í september og fylgi þannig "leikárinu" en ekki almannaksárinu.
4. Hlé og myndasýning úr starfinu á árinu.
5. Verðlaunaafhendingar. Bikar fyrir besta afrek skv. Unglingastigatöflu hlaut Arnar Einarsson á Urriðafossi fyrir að stökkva 1,91 m í langstökki án atrennu en fyrir það hlaut hann 905 stig. Bikar fyrir besta afrek skv. Alþjóðastigatöflu hlaut Fanney Ólafsdóttir á Hurðarbaki fyrir að stökkva 4,96 m í langstökki en fyrir það hlaut hún 727 stig. Íþróttamaður ársins var valinn Haraldur Einarsson á Urriðafossi fyrir góða ástundun og árangur í frjálsum íþróttum á árinu. Félagmálabikarinn hlaut Eiríkur K. Eiríksson frá Gafli fyrir áratuga störf í þágu félagsins.
6. Kosningar. Úrslit urðu eftirfarandi:

Formaður:	Haraldur Einarsson Urriðafossi
Gjaldkeri:	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir Lyngholti
Ritari:	Helga Björg Helgadóttir Súluholti I
Varastjórn:	Laufey Einarsdóttir Egilsstaðakoti
	Oddný Ása Ingjaldsdóttir Ferjunesi
	Sigmar Örn Aðalsteinsson Jaðarkoti

Form. Íþróttanefndar: Tómas Karl Guðsteinsson Egilsstöðum II
Form. Skemmtinefndar: Guðmunda Ólafsdóttir Hurðarbaki

Þegar ég hafði aldur til gekk ég í Samhygð, var í félaginu þangað til Markús nennti ekki lengur að koma og rukka mig um árgjaldið. Margt breytist á ævinni en eitt er vist að þeir eru afskaplega íhaldssamir þarna í Samhygð, en fram til þessa hefur Markús verið gjaldkeri Samhygðar allar götur síðan ég gekk í félagið á sínum tíma, það er jafn óumbreytanlegt og sólin kemur upp á morgnana.

Að lokum vil ég óska sveitungum mínum gleðilegs árs með kærri þökk fyrir það liðna. Ég vil skora á Sonju Arnarsdóttur í Arabæ að rita næsta pistil.

Guðrún Jónsdóttir Sandbakka

Dansnámskeið

Ákveðið hefur verið að hafa framhald á dansnámskeiðinu sem haldið var fyrr í vetur.

Vegna breyttra aðstæðna verður að breyta áður auglýstri tímasetningu á námskeiðinu og verða þau haldin sem hér segir:

Fimmtudaginn 10. janúar klukkan 20:30

Laugardaginn 12. janúar klukkan 14:00

Fimmtudaginn 17. janúar klukkan 20:30

Laugardaginn 19. janúar klukkan 14:00

Síðasta skiptið verður ákveðið síðar.

Dansað verður í Félagslundi og er kennari námskeiðsins Anna Berglind Júlíusdóttir frá Þorlákshöfn. Námskeiðsgjaldið er 10.000 á parið og fólk beðið um að greiða á fyrsta námskeiðinu. Tekið er á móti skráningu á í síma 845-9719 eða á netfangið lyngh@emax.is

Nú er um að gera að fjölmenna á námskeið og komast í gott dansform fyrir þorablótin sem eru rétt handan við hornið. **Allir eru velkomnir** og ekki er nauðsynlegt að hafa komið á fyrra námskeiðið.

Dansáhugafólk í Flóanum

Glimufréttir

Glimuæfingar

Fyrsta glimuæfing nýs árs verður þriðjudagskvöldið 8. janúar kl. 20:00 og síðan verða æfingar hvert þriðjudagskvöld með sama sniði og fyrir áramót.

Mót framundan

Fyrsta glímumót nýs árs verður haldið á Reyðarfirði helgina 19.- 20. janúar. Fyrri daginn fer fram Bikarglíma Íslands í flokkum fullorðinna og unglinga og Grunnskólamót Íslands. Seinni daginn fer fram Bikarglíma Íslands í barnaflokkum með sveitaglímufyrirkomulagi. Líkur eru á því að keppendur úr æfingahóp Samhygðar og Vöku fari á þetta mót.

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 10. febrúar kl. 13:30. Venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar, reikningar, kosningar ofl.

Félagar eru hvattir til að mæta á aðalfund nú á 100 ára afmælisári Umf. Samhygðar. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Draumur á Jónsmessunótt

Nú er til sölu mynddiskur með upptöku á leikritinu Draumur á Jónsmessunótt sem Ungmennafélögin settu upp í vor. Þórbergur Hrafn Ólafsson í Forsæti tók leikritið upp á sýningu í vor og hefur sett á mynddisk ásamt aukaefni. Eintakið kostar aðeins 1000 kr og eru áhugasamir eru hvattir til að panta sér eintak sem fyrst í síma 845-9719 eða á netfanginu lyngh@emax.is

Pistillinn

Ekki veit ég hvað kom yfir mig að taka í mál að skrifa næsta pistil í Áveituna, ég hlýt að hafa verið í einhverju gleðikasti eða búin að drekka einum bjór of mikið, þegar Nonni nefndi það við mig á Kornskurðarballinu. Fyrst þegar þessir pistlar fóru að koma í fréttabréfið varpaði ég öndinni léttara í hvert sinn sem enginn mundi eftir mér.

En fyrst Nonni skoraði á mig er ekki við hæfi að skorast undan, en það eru svo margar áskoranir sem verða á vegi manns í lífinu þá er kannski ekki það versta að skrifa smá hugleiðingu nú milli jóla og nýárs.

Ég vil þakka Gesti í Forsæti þann hlýhug sem hann sýndi í verki þegar hann færði okkur glænýjan geisladisk í jólagjöf með frumsömdum lögum eftir sig, sem hann leikur eins og honum einum er lagið á harmonikkuna sína. Það var sannkallaður jólaglaðningur hér á bæ. Einstakt afrek hjá 88 ára gömlum manni. Óska ég þeim Helgu og Gesti guðsblessunar um ókomna tíð.

Mér datt í hug þegar ég las það sem nýjustu nágrannar mínir þær Erna og Telma skrifuðu um í sínum pistlum hvað þær væru ánægðar hér í frelsinu í sveitinni sem ég skil mæta vel, að skrifa smá hugleiðingu um daginn og veginn en ég er aðflutt eins og þær þó ég komi bara úr næstu sveit.

Tíminn líður ótrúlega hratt nú eru orðin rúm 30 ár síðan ég flutti inn í húsið sem við Albert byggðum á Sandbakka, þá var svona bylgja að byggja í sveit og hafa engar kýr og kindur, en við ræktuðum kartöflur, hættum því reyndar þegar verðið var orðið svo lágt að útlagður kostnaður var orðinn meiri en innkoman. Já, gaman er að minnst þess að eldra fólk hér í sveit nefndi okkur þurraþúðarfólk oft meira í gamni en alvöru, öllu gamni fylgir nokkur alvara, en hér áður fyrr voru þeir ekki hátt skrifaðir í samfélaginu sem voru ekki sjálfbjarga með mat fyrir sig og sína, en við lifum á allt öðrum tímum núna sem betur fer. Þessi hugsun hefur heldur betur snúist við, nú keppast nýríkir kaupstaðabúar við að eignast jarðir til sveita og bjóða ótrúlegar fjárhæðir í þær um leið og hefðbundnum búskap lýkur á jörðunum. Er svo komið í hér fyrrum Villingah. hr. að hefðbundin kúabú má nánast telja á fingrum annarrar handar, af sem áður var. Nú naga hestar kaup-

staðabúa nánast hverja þúfu sem er á lausu, ber mikið á beitarhólfum nálægt vegum þegar ekið er um sveitir.

Á þeim árum þegar kartöflurækt var í sem mestum blóma átti Sigga á Grund fallett fé og marglitt. Þegar grös voru orðin græn á vorin var það alltaf viss passi að þær komu herna fram með vegi en hættu sér yfirleitt ekki fram fyrir Forsætishverfið hvernig sem á því stóð. Sumum hryllti við þegar fór að hylla undir þær golsóttu, mórauðu og svörtu ærnar með lömbin sín. Því var nefnilega haldið fram hér á bæjum að Sigga ræktaði sérstakt stökkkyn, „þetta var áður en Kári fór að rannsaka erfðagenin,“ þessa nafngift fengu þær vegna þess að girðingar voru engar hindranir, fóru þangað sem þær ætluðu sér. Ein þeirra gekk undir nafninu svarta plágan.

Kartöflubændur ruku til og víggirtu garðana, enn má sjá minjar af slíku hervirki upp á bökkum. Má segja að girðingin sé í þremur reifunum, rafmagnsgirðing vafin utanum gaddavír með loðnunót á milli, á annan metra á hæð. Engin víggirðing hélt þeim þegar þær vantaði dópið sitt, en það er fullyrt hér um slóðir að kartöflugrasið virki sem eiturlyf á sauðkindina. Þær urðu sem sagt kartöflugrasfíklar.

Eitt vorið fékk Sigga dellu fyrir kartöflum, var komin með 11 fágætar tegundir, sem hún setti niður í garðinn sinn á holtinu. Gekk ræktunin vel og garðurinn blómstraði. En viti menn, einn daginn þegar eigandinn athugar ræktunina eru öll grös étin upp til agna og garðurinn orðinn að flagi eins og aldrei hafi neitt vaxið þar. Var nú svarta plágan sterklega grunuð um verknaðinn, sennilega hafa henni ekki verið vandaðar kveðjurnar í þetta sinn.

Á aðventunni var ég á ferð hjá Gaulverjabæ, sé ég þá hvar tvær stórar gröfur standa við Vaðlakot, datt mér í hug að loksins ætti að moka yfir kofana þar, en það reyndist ekki rétt ágiskun hjá mér. Ótrúlegt en satt þá stóð yfir undirbúningur fyrir flutning á gamla húsinu að Austur-Meðalholtum, þangað var það flutt í vikunni fyrir mikla rokið, stóðst það veðrið þó gamalt sé. Nú bíður þess nýtt hlutverk, það er að sýna kafla í byggingasögu fyrri tíma. Ekki er öll vitleysan eins. Svo birtist Markús í sjónvarpinu um jólin að leika prest í verðlaunamyndinni hans Gríms Hákonar. Það var bara eins og maðurinn hefði ekki gert annað en að jarða svo vel tók hann sig út í hlutverkinu og tókuð þið eftir hárgreiðslunni?